



ÁRSSKÝRSLA 2006
NÁMSGAGNASTOFNUN



ÁRSSKÝRSLA 2006
NÁMSGAGNASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2006

Námsgagnastofnun
Reykjavík 2007
Umsjón: Eiríkur Grímsson
Prentvinnsla: Litróf – Hagprent



EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	4
<i>Starfsmannahald á árinu 2006</i>	6
<i>Námsefnis- og framleiðslusvið</i>	7
<i>Útgáfan</i>	7
<i>Í dagsins önn</i>	8
<i>Útgáfa 2006</i>	9
<i>Erlend samskipti</i>	10
<i>IGEP</i>	10
<i>ICEM</i>	10
<i>Námshagnastofnun í útrás</i>	11
<i>Seychelleseyjar</i>	11
<i>Færeyjar</i>	11
<i>Ársreikningur fyrir árið 2006</i>	12
<i>Efnahagsreikningur 31. desember 2006</i>	12
<i>Rekstrarreikningur fyrir árið 2006</i>	12
<i>Kynningarstarf</i>	14
<i>Auglýsingar</i>	14
<i>Heimasíðan</i>	15
<i>Fræðslufundir, fyrirlestrar, haustþing og ráðstefnur</i>	15
<i>Stefnumiðað árangursmat</i>	17
<i>Stefnukort</i>	18
<i>Úrskurður Samkeppnisstofnunar</i>	18
<i>Lög um námsgögn</i>	20
<i>Viðhorf til Námsgagnastofnunar</i>	23
<i>Könnun Capacent í desember 2006 til janúar 2007.</i>	23
<i>Lýsing á rannsókn</i>	23
<i>Helstu niðurstöður</i>	24



FORMÁLI

Í október síðastliðnum barst Námsgagnastofnun úrskurður Samkeppniseftirlitsins vegna tveggja kvartana sem því hafði borist um starfsemi Námsgagnastofnunar. Álitu kvartendur að starfsemi stofnunarinnar væri samkeppnishamlandi og í andstöðu við samkeppnislög. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins var á þá leið að Námsgagnastofnun væri heimilt að selja námsefni á almennum markaði en að það skyldi tryggt að verðlagning væri í samræmi við það sem þar tíðkast. Því var Námsgagnastofnun gert að stofna sérstaka einingu um samkeppnisrekstur sinn og hafa fjárhag þeirrar einingar algerlega aðskilinn frá öðrum rekstri. Unnið er að undirbúningi þessara breytinga og stefnt að því að þær taki gildi á tilskildum tíma þann 1. júlí 2007. Sjá nánar bls. 18.

Á síðastliðnu ári lauk vinnu nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins sem fjallað hafði um framtíðarskipan námsgagnagerðar fyrir grunnskóla. Í tengslum við þá vinnu lét menntamálaráðuneytið semja frumvarp til laga um námsgögn sem ætlað er að leysa af hólmi núgildandi lög um Námsgagnastofnun nr. 23/1990. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 17. mars 2007 og tóku löggin þegar gildi (nr. 71/2007). Sjá nánar bls. 20.

Samkvæmt nýjum lögum mun ábyrgð og stuðningur ríkisins við námsgagnagerð fela í sér eftirfarandi þætti:

1. Rekstur Námsgagnastofnunar, sem leggur grunnskólum til námsgögn.
2. Fjárframlög til námsgagnasjóðs, sem úthlutar fé til grunnskóla til kaupa á námsgögnum.
3. Fjárframlög til þróunarsjóðs námsgagna, sem styrkir nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Námsgagnastofnun mun starfa áfram nánast óbreytt en auknu fé verður varið til námsefnis fyrir grunnskóla. Þeir peningar fara til skólanna og þeir geta síðan valið hvar þeir vilja kaupa viðbótar námsgögn. Með þessu móti er skólunum tryggt að þeir fái eftir sem áður ókeypis námsgögn í öllum greinum frá Námsgagnastofnun en geti þar að auki bætt við námsgögnum frá öðrum útgefendum eða hugsanlega kennurum skólans.

Á undanförunum árum hafa nokkrar nefndir fjallað um stöðu námsgagnagerðar fyrir grunnskóla með það fyrir augum að breyta núverandi fyrirkomulagi. Niðurstaða þeirra hefur hingað til verið sú að





Óbreytt ástand hentaði best á þeim litla markaði sem hér er fyrir námsefni. Það er gleðiefni að verulega auknu fé skuli nú varið til námsefnisgerðar og vonandi að það hafi í för með sér gróskumikla útgáfu námsefnis fyrir grunnskóla á almennum markaði.

Í desember síðastliðnum lét Námsgagnastofnun gera könnun á viðhorfum almennings til stofnunarinnar. Könnunin var gerð í ljósi þeirra breytinga sem fram undan eru í námsefnisgerð fyrir grunnskóla í kjölfar nýrra laga um námsgögn. Könnunina gerði fyrirtækið Capacent Gallup og úrtakið var fólk af öllu landinu, þar sem börn á grunnskólaaldri eru á heimilinu, handahófsvalið úr þjóðskrá.

Þátttakendur voru spurðir sex spurninga. Fyrst var spurt um viðhorf fólks til þess hvernig Námsgagnastofnun rækti hlutverk sitt og hversu gott eða lélegt námsefnið væri. Yfir 70% svarenda töldu að stofnunin rækti hlutverk sitt vel og gæfi út gott námsefni. Þá var spurt hvort fólk hefði skoðað vef Námsgagnastofnunar og þar svöruðu aðeins 34% játandi. Þar er því mikið verk að vinna við að kynna foreldrum og öðrum aðstandendum grunnskólabarna vefinn því þangað er margt að sækja sem börn og foreldrar geta gert í sameiningu. Þar geta aðstoðarmenn líka leitað sér upplýsinga í kennsluleiðbeiningar og bent börnunum á ítarefni og leiki til þjálfunar í ákveðnum þáttum námsins. Það er þó gleðiefni að 83% þeirra sem höfðu kynnt sér vefinn lýstu ánægju með hann. Þegar spurt var hvað stofnunin gæti gert til að þjóna nemendum og fjölskyldum þeirra betur nefndu margir að þörf væri á auknum kynningum og auglýsingum og að meira efni ætti að vera aðgengilegt á vefnum. Annars dreifðust ábendingar svarenda á marga þætti. Loks var spurt hver væri rétti aðilinn til að gefa út námsefni fyrir börn í skyldunámi og þar taldi mikill meirihluti, eða 71,3%, að ríkið eigi að sjá um það. Starfsfólk stofnunarinnar var nokkuð ánæggt með niðurstöður könnunarinnar og taldi þær lýsa jákvæðum viðhorfum almennings til Námsgagnastofnunar. Um leið er hún hvatning til að gera betur því markmiðið er að gæði námsefnis og þjónustu séu að öllu leyti til fyrirmyndar. Niðurstöður úr könnunni eru birtar á bls. 23.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir



STARFSMANNAHALD Á ÁRINU 2006

Fjarvistir vegna veikinda settu nokkuð mark sitt á starfsmannahald ársins 2006. Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri var fjarverandi vegna veikinda fyrstu fjóra mánuði ársins en kom til starfa að fullu í maíbyrjun. Í fjarveru hans gegndi Hafdís Finnbogadóttir útgáfustjórastarfinu að hluta ásamt með ritstjórn.

Á miðju sumri fór Ásgeir Gunnarsson prenttæknir/sölumaður í veikindaleyfi og til að gegna starfi hans var ráðinn Sindri Guðmundsson. Sem betur fer náði Tryggvi Jakobsson góðri heilsu og standa vonir til að Ásgeir nái sér einnig að fullu.

Hilmar Eberhardsson kerfisfræðingur lét af störfum á miðju ári og í stað hans var ráðinn Eiríkur Benediktsson, sem einnig gegnir starfi ritstjóra í útgáfu rafræns efnis ásamt Hildigunni Halldórsdóttur.

Á haustmánuðum fór Ellen Klara Eyjólfsdóttir í 80% starf tímabundið fram á sumar 2007.

Í byrjun ágúst lét Bogi Indriðason framleiðslustjóri af störfum sem fastráðinn starfsmaður vegna 95 ára reglunnar. Hann var síðan ráðinn sem verkefnastjóri í hálfu starfi.

NÁMSEFNIS- OG FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Í september 2006 urðu þær breytingar á stjórnskipulagi Námsgagnastofnunar að námsefnissvið og sá hluti framleiðslusviðs sem tengist hönnun, umbroti og framleiðslu námsefnis sameinuðust í námsefnis- og framleiðslusvið. Þessar breytingar tengjast því að Bogi Indriðason lét af föstu starfi framleiðslustjóra í september. Bogi annast þó eftir sem áður í hlutastarfi öflun tilboða og aðfanga og samskipti við prentsmiðjur og aðra framleiðendur.

Verkefni ársins voru að mestu hefðbundin, það er að segja undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra viðfangsefna, ritstjórn þeirra, hönnun, umbrot og umsjón með endurskoðun eldra efnis. Form útgefins efnis er með ýmsu móti: Prentað efni, hljóðefni, sem nú er nánast eingöngu gefið út á geisladiskum, fræðslumyndir á myndbandspólum og DVD diskum, kennsluforrit á geisladiskum og á vef og loks gagnvirkt efni og námsvefir á vef stofnunarinnar www.nams.is. Á námsefnis- og framleiðslusviði starfa alls 15 manns en að verkefnum sviðsins kemur árlega mikill fjöldi höfunda, myndgerðarfólks, hönnuða, forritara, prenttækniólks, tæknimanna og ráðgjafa sem starfa utan stofnunar.

ÚTGÁFAN

Til verkefna námsefnis- og framleiðslusviðs var varið samtals rúmlega 201 milljón króna á árinu 2006. Í vinnu höfunda og myndgerðarfólks fóru 39,2 milljónir króna. 10,9 milljónum var varið í gerð og útgáfu fræðslumynda, 23,3 milljónum í gerð og útgáfu rafræns námsefnis og tæpum 128 milljónum í prentun og aðra framleiðslu. Alls komu út 88 nýir titlar á árinu í tæplega 105 þúsund eintaka upplagi og 22 titlar voru endurútgefnir, það er að segja endurskoðaðir eða endurgerðir, í samtals tæplega 77 þúsund eintaka upplagi. Endurprentanir og óbreytt fjölföldun námu samtals 253 titlum í tæplega 637 þúsund eintaka upplagi. Samtals komu því út á árinu 2006 363 titlar sem gefnir voru út í rúmlega 818 þúsund eintaka upplagi.

Meðal þess helsta sem kom út á árinu má nefna að áfram var unnið að gerð og útgáfu nýs stærðfræðis-námsefnis fyrir unglingastig í flokknum *Átta-tíu*. Á árinu litu bækur 2 og 3 í flokknum dagsins ljós, ásamt kennsluleiðbeiningum og verkefnum á vef og öðru ítarefni. Ákveðið var að bjóða upp á nýjan enskunámsflokk fyrir unglingastig, sem nefnist *Matrix*, og mikið átak var gert í að auka úrval af lestrarefni í ensku með viðbót við bókaflokkinn *Bookworms*. Í íslensku komu meðal annars út bókinn *Óðinn og bræður hans*, sem er fyrsta bók af þremur sem byggjast á lýsingu *Snorra-Eddu* á ásatrú og *Ritunarbókin*, handbók um skapandi og skemmtilega textagerð. Þá var haldið áfram útgáfu á nýju smíðaefni með útgáfu möppunnar *Hönnun og smíði 5.-7. bekkur* og loks má geta þess að á árinu kom út nýstárlegt kynfræðsluefni, tvö hefti sitt handa hvoru kyni, er nefnast einfaldlega *Kynlíf* og *Um stelpur og stráka*. Með þessu efni fylgdi líka námsvefur um kynfræðslu og fræðslumyndin *Forfallakennarinn*. Víst mun þetta efni bæta úr brýnni þörf.

Rafrænar útgáfur á vef Námsgagnastofnunar voru alls 55 á árinu 2006. Þær skiptust þannig að námsvefir voru tíu talsins en annað gagnvirkt efni nam alls 14 titlum. Titlar til útprintunar á pdf-formi voru alls 31 og skiptust þannig að kennsluleiðbeiningar voru 13 talsins og verkefni samtals 18. Í flokki námsvefja og gagnvirkra vefja sem út komu á árinu má meðal annars nefna *Umferðarvefinn*, *Fuglavefinn*, *Yrkjuvef* og vefinn *Íslensk landspendýr*. Meðal kennsluleiðbeininga má nefna vefinn *Átta-tíu* með stærðfræði unglingastigsins og *Miðbjörgu* með íslenskunámsefni miðstigsins, loks má geta vefefnis til útprintunar um vinnuvernd sem unnið var í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins.





Samtals voru í lok árs 2006 nærri 320 virkir titlar á vef stofnunarinnar auk annars nytsamlegs efnis. Má þar meðal annars nefna um 120 krækjur á margvíslegt efni frá öðrum útgefendum og vefsvæðið *Í dagsins önn* sem sérstaklega er fjallað um hér á eftir. Á árinu var viðmóti á forsíðu vefjarins breytt lítillega og er nú meðal annars hægt að nálgast yfirlit yfir allt útgefið námsefni á vefnum í hverri námsgrein beint af forsíðunni. Á haustönn ársins 2006 voru vikulegar heimsóknir á vef Námsgagna-stofnunar um 9000 talsins sem er umtalsverð fjölgun frá fyrra ári. Er það ánægjuefni að sífellt skuli fjölga í þeim hópi kennara og nemenda sem virðast nýta sér það fjölbreytta efni sem gefið er út á vefnum öllum að endurgjaldslausu.

Í DAGSINS ÖNN

Árið 2006 var annað heila árið sem vefsvæðið *Í dagsins önn* var starfrækt. Eins og áður var á síðunni birt efni af ýmsu tagi. Fjallað var um þá atburði líðandi stundar sem væru líklegir til að vekja athygli kennara og nemenda. Á árinu komu út á vegum síðunnar tveir vefir, annar um íslenska steina en hinn um ýmislegt er tengist vetrinum. Í desember birtist jóladagatal með stærðfræðiþrautum sem nemendum gafst kostur á að glíma við.

Í tengslum við dag íslenskrar tungu var efnt til verkefnisins Nýyrði vantar. Verkefnið var skipulagt í samráði við málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þetta verkefni vakti mikla athygli og bærust vel á þriðja hundrað tillögur frá nemendum á öllum skólastigum og almenningi. Fullyrða má að hundruð grunnskólanemenda hafi þennan dag spreytt sig á gerð nýyrða. Veitt voru þrenn verðlaun. Verðlaun fyrir vel unnið verkefni hlaut Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir nemi í Hagaskóla. Tveir hlutu síðan verðlaun fyrir besta nýyrðið, þeir Halldór Berg Harðarson og Sigurður Þór Salvarsson. Þeir lögðu báðir til orðið tiskuviti sem er þýðing á enska orðinu trend-setter.

Af öðrum verkefnum má nefna að nú liggja fyrir á vefnum upplýsingar um hvern mánuð ársins. Þar er greint frá ýmsum merkisdögum í hverjum mánuði.

ÚTGÁFA 2006

Frumútgáfur

Prentað mál	20 titlar	84.300 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	30 titlar	14.930 eint.
Blandaðir miðlar (aðkeypt)	5 titlar	1.750 eint.
Hljóðefni (CD)	20 titlar	2.756 eint.
Fræðslumyndir (VHS/DVD)	11 titlar	800 eint.
Kennsluforrit	2 titlar	245 eint.
Alls	88 titlar	104.781 eint

Endurútgáfur

Prentað mál	20 titlar	76.300 eint.
Kennsluforrit	2 titlar	525 eint.
Alls	22 titlar	76.825 eint.

Endurprentanir

Prentað mál	194 titlar	605.825 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	29 titlar	28.029 eint.
Hljóðefni (CD og bönd)	29 titlar	2.388 eint.
Kennsluforrit	1 titill	300 eint.
Alls	253 titlar	636.542 eint.

SAMTALS 363 titlar 818.248 eint.

Rafrænar vefútgáfur

Námsvefir	10 titlar
Gagnvirkt efni	14 titlar
Kennsluleiðbeiningar (Pdf)	13 titlar
Verkefni til útprentunar (Pdf)	18 titlar
Alls	55 titlar

SAMTALS TITLAR 418

Úthlutun námsgagna 2006

	Almennur kvóti	Sérkvóti
Úttektarheimild	299.936.818 kr.	
Heimill flutningur milli kvóta	16.695.000 kr.	16.695.000 kr.
Úttekt á árinu	279.593.629 kr.	13.678.670 kr.
Eintakafjöldi	726.673 eint.	15.630 eint.
Meðalverð pr. eintak	385 kr.	875 kr.

Auk þess voru afgreidd 32.054 eintök utan kvóta.





ERLEND SAMSKIPTI

IGEP

Árleg ráðstefna IGEP-samtakanna (International Group of Educational Publishers) var haldin á eyggi Lidingö við Stokkhólm, dagana 7.–10. júní undir kjörorðunum Educational Publishing in a Changing World. Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri sat ráðstefnuna á vegum Námsgagnastofnunar. Að venju var fyrsta degi varið í vinnu stjórnarhóps samtakanna en dagskrá ráðstefnunnar hófst síðan morguninn eftir. Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Kjell Nordström prófessor við Stockholm School of Economics, velmetinn og áhugaverður fyrirlesari og höfundur tveggja vinsælla fræðibóka sem heita *Funky Business* og *Karaoke Capitalism*. Gefa bókatitlarnir einhverja hugmynd um sjónarhorn hans á störf útgefenda í framtíðinni. Síðan var tekið til við að greina og átta sig á því í smærri hópum hvernig umhverfi útgefenda muni verða að tíu árum liðnum, auk annarra hefðbundinna viðfangsefna.

ICEM

Í lok maímánaðar kom stjórn ICEM (International Council for Educational Media) saman í Reykjavík til árlegs fundar. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórnin hittist hér á landi en Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri á sæti í stjórninni. Í tengslum við fundinn kom hingað sendinefnd frá Esterházy-háskólanum í Eger í Ungverjalandi. Þar voru síðan árleg ráðstefna og aðalfundur samtakanna haldin 6.–8. nóvember. Sendinefndin notaði tækifærið og heimsótti meðal annars Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands meðan á Íslandsdölinni stóð.

Á ráðstefnuna í Eger fóru Tryggvi Jakobsson og Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri. Einnig slógust með í för Ásgeir Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Námsgagnastofnunar og forseti ICEM, og Sigríður Jónsdóttir kona hans og voru þau í boði ICEM-samtakanna. Frá Bretlandi kom Karl Jeppesen fyrrum starfsmaður Námsgagnastofnunar, svo ætla má að miðað við margfræga höfðatölu hafi íslenska sendinefndin skákað öðrum hópum í Eger. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í tengslum við stærra þing, Agria Media, sem háskólinn í Eger hefur staðið að með samstarfsaðilum sínum víðar að. Á ráðstefnunni var fjallað um stafrænt námsefni og námsumhverfi og hvaða kröfur það gerir til kennara og skóla. Ráðstefnunni lauk með mjög áhugaverðri ferð um norðaustur-héruð Ungverjalands, m.a. hið kunna Tokaj-vínhérað sem er á heimsminjaskrá UNESCO.



NÁMSGAGNASTOFNUN Í ÚTRÁS

SEYCHELLESEYJAR

Guðmundur Hólmsteinsson, starfsmaður í tölvudeild Íslenskra aðalverktaka, tók sig til seinasta vetur og safnaði 230 notuðum tölvum hér á landi og sendi til Seychelleseyja þar sem þær voru settar upp í grunnskólum. Hann fór þess á leit við Námsgagnastofnun að hún legði verkefninu til kennsluhugbúnað. Brást stofnunin við þeirri málaleitan með því að bjóða fram 15 kennsluforrit sem höfðu verið þýdd á ensku vegna samstarfsverkefnis við UNESCO.

Í desember fór síðan fimm manna hópur til Seychelleseyja til að halda námskeið fyrir kennara. Haldin voru fimm þriggja daga námskeið þar sem kennurum var kennd ritvinnsla, farið í gegnum kennsluforritin með þeim og rætt um hvernig best væri að nýta kennsluhugbúnað með nemendum. Námsgagnastofnun styrkti þetta verkefni með því að kosta starfsmann sinn, Hildigunni Halldórsdóttur, til að taka þátt í námskeiðahaldinu.

FÆREYJAR

Í lok sumars heimsóttu Námsgagnastofnun tveir starfsmenn Føroya Skúlabókagrunnur til að kynna sér vefútgáfur Námsgagnastofnunar. Dvöldust þeir hér í vikutíma og varð niðurstaða þeirrar heimsóknar að undirritaður var samningur milli stofnananna um þýðingar á vefefni. Felst í honum að Føroya Skúlabókagrunnur fær leyfi til að þýða allt gagnvirkt vefefni og námsvefi sem Námsgagnastofnun hefur á sínum vef. Vinna við þessar þýðingar er þegar hafin og er búíð að þýða rúmlega 10 titla.

ÁRSREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2006

Efnaðagsreikningur 31. Desember 2006

	Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir / skammtímaskuldir	160.100.202	22.456.916
Langtímakröfur / áhættufjármunir	0	
Langtímaskuldir		0
Höfuðstóll		137.643.286
	<hr/>	<hr/>
Alls	160.100.202	160.100.202

Rekstrarreikningur fyrir árið 2006

Tekjur

Sala eigna, tilfallandi vörusala	5.838.906
Vaxtatekjur og aðrar lánamekjur	2.009.494
Framlög frá A-hluta	7.225.000
Önnur framlög	1.443.900
Ýmsar tekjur	0
	<hr/>
Tekjur alls	16.517.300

Gjöld

Launagjöld	122.771.386
Dagvinnulaun	93.764.302
Aukagreiðslur	2.752.940
Yfirvinna	4.303.695
Launatengd gjöld	21.950.449
Rekstrarvörur	60.780.082
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	57.256.537
Byggingavörur almennar	13.332
Tæki og búnaður til innréttinga	0
Ýmis tæki og áhöld	368.539
Viðhalds- og rekstrarvörur	6.442
Orkugjafir, hiti og rafmagn	1.110.889
Matvæli o.fl.	904.069
Fatnaður, lín og hreinlætisvörur	265.630
Umbúðir	854.644



Þjónusta I	156.013.202
Fundir og námskeið	763.938
Risnufé	412.864
Ferðakostnaður innanlands	558.464
Ferðakostnaður erlendis	1.981.024
Leigubifreiðar	24.492
Bílaleigubílar	55.843
Starfsmannabifreiðar	1.640.291
Sérfræðiþjónusta verkkaup	66.469.246
Prentun, póstur, auglýsingar	84.107.040
Þjónusta II	21.802.954
Afnotagjöld	6.018.752
Leigugjöld	4.999.335
Leiga véla og flutningar	967.197
Verkkaup verkstæði I	4.476.866
Verkkaup verkstæði II	5.340.804
Fjármagnskostnaður, bætur, tryggingar og opinber gjöld	39.723.498
Fjármagnskostnaður	8.330
Áhættutap og bætur	0
Tapaðar kröfur	0
Tryggingar	617.452
Opinber gjöld	39.097.716
Eignakaup	4.761.725
Birgðabreytingar	1.010.132
<hr/>	
Gjöld alls	404.842.715
Tekjur alls	16.517.300
<hr/>	
Gjöld umfram tekjur	388.325.415

KYNNINGARSTARF

Kynningarstarf var öflugt á árinu 2006 og var hrint í framkvæmd markvissri kynningaráætlun sem skilaði árangri á mörgum sviðum.

Að venju komu út fréttar- og dreifibréf með upplýsingum um nýtt námsefni og ýmsum fréttum. Upplagið sem dreift er í skóla hefur verið aukið og fara nú út um 1000 eintök af þessum bréfum sem gefin eru út að meðaltali átta sinnum á ári. Allt kynningarefni er einnig sent út rafrænt til hagsmunaaðila og er það jafnframt aðgengilegt á heimasíðunni undir Um Námsgagnastofnun. Alls komu út níu kynningarbæklingar á síðastliðnu ári og má m.a. nefna bæklinga sem innihalda yfirlit yfir allt námsefni í tilteknum greinum. Á árinu komu út slíkir bæklingar í íslensku fyrir yngsta stig, stærðfræði fyrir yngsta stig, lífsleikni og svo bæklingur um námsefni sem hentar nemendum með annað móðurmál en íslensku. Einnig komu út bæklingar um stóra námsvefi eins og *Heiminn minn*, *Íslensku landspendýrin* og vefinn *Yrkju*. Loks kom út bæklingur á ensku sem ætlaður er til dreifingar á bókasýningum erlendis.

Haustið 2006 kom út almennur bæklingur um Námsgagnastofnun sem ætlaður var foreldrum grunnskólabarna. Þessum bæklingi var dreift í alla skóla á landinu og óskað eftir því að honum yrði dreift til foreldra allra barna í 6 ára bekk. Þetta átak var liður í því að fá foreldra til að kynna sér betur starfsemi Námsgagnastofnunar og hvernig þeir geta nýtt sér heimasíðu stofnunarinnar til að styðja við heimanám barna sinna. Að auki var bæklingnum *Íslenska fyrir 1.–4. bekk* dreift til allra barna í 7 ára bekk á landinu.

Þar sem heimasíðan er helsti upplýsingamiðill Námsgagnastofnunar var mikil áhersla lögð á að koma henni á framfæri við markhóp stofnunarinnar, þ.e. kennara, skólastjórnendur, foreldra og börn. Litlum stærðfræðikynningarspjöldum, sem vekja jafnframt athygli á vefnum, var dreift í 14.000 stk. upplagi. Einnig var útbúið segulspjald til að festa á ísskáp, með ýmsum upplýsingum um stofnunina, sem sent var í alla skóla og útbýtt á öllum kynningum í 8.000 stk. upplagi. Meira kynningarefni var dreift á síðastliðnu ári en nokkru sinni fyrr.

Gerð var könnun um hve margir skólar eru skráðir með krækju á vef Námsgagnastofnunar á heimasíðu sinni og voru þeir 98 alls. Ákveðið var að hleypa af stökkunum markvissu átaki til að bæta þessa stöðu í byrjun árs 2007.

AUGLÝSINGAR

Námsgagnastofnun auglýsti reglulega í fagtímaritum kennara og í sérblöðum. Á síðastliðnu ári var einnig þónokkuð auglýst í almennum fjölmiðlum og auk þess birtust fjöldamörg viðtöl við forsvarsmenn og aðra starfsmenn stofnunarinnar þar sem fjallað var um stofnunina, námsvefinn og þó aðallega heimasíðuna. Fréttatilkynningar voru birtar og auglýsingar skiluðu aukinni aðsókn á heimasíðuna.





HEIMASÍÐAN

Kynningarherferð á heimasíðunni skilaði árangri því samkvæmt opinberum vefmælingum frá fyrirtækinu Modernus ehf. sést að aukning milli ára er töluvert mikil. Á árinu var meðalfjöldi mánaðarnotenda 32.500 en notendur ársins voru alls 389.384, innlit 501.926 og flettingar 2.487.410. Þegar borið er saman við árið 2005 kemur í ljós að notendum hefur fjölgað um rúmlega 30%, innlitum um 29% og flettingum um 19%.

Á árinu var lagt kapp á að fjölga skráningum á póstlista stofnunarinnar. Í janúar 2006 voru 966 mannskráðir á póstlistann. Í desember 2006, að lokinni kynningarherferð, voru yfir 1800 mannskráðir.

Önnur kynningarherferð fór fram á árinu en það var kynning á vef Námsgagnastofnunar. Alls voru 25 skólar heimsóttir og vefurinn og stofnunin kynnt.

Allir ritstjórar, útgáfustjóri og forstjóri fóru í skólaheimsóknir vorið 2006. Farið var í um tíu skóla til að kanna álit kennara á því námsefni sem á boðstólum er og hvað þeim finnst helst vanta.

FRÆÐSLUFUNDIR, FYRIRLESTRAR, HAUSTÞING OG RÁÐSTEFNUR

Á árinu 2006 var boðið upp á mikið og fjölbreytt úrval fræðslufunda. Skipulagðir voru yfir 50 fyrirlestrar og fræðslufundir í samvinnu við skólaskrifstofur, kennarafélög, skóla og aðrar stofnanir um allt land. Voru tæplega 1500 mannskráðir á þessa fundi.

Á fyrstu dögum ársins var hið árlega höfundaboð þar sem kynntur var afrakstur ársins í útgáfumálum.



Á fyrri hluta ársins tók stofnunin þátt í fjölmörgum ráðstefnum, sem dæmi má nefna ráðstefnu móðurmálskennara og ráðstefnuna Skóli á nýrri öld sem haldin var af Skólastjórafélagi Reykjavíkur, Kennarafélagi Reykjavíkur og Menntasviði Reykjavíkur.

Vorið 2006 tók stofnunin þátt í sýningunni Sumar 2006 í Laugardagshöll og var sérstök áhersla á umhverfisfræðslu og umhverfismennt. Kynnt var þar margs konar námsefni og vefefni, þar á meðal námsvefurinn *Heimurinn minn* í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Stóra námsefnissýningin í Reykjavík var haldin þann 17. ágúst í Árbæjarskóla. Er þetta í þriðja sinn sem slík sýning er haldin og samhliða allsherjar námsefnissýningu var boðið upp á 11 fyrirlestra um nýtt námsefni. Almennt var mæting á fyrirlestrana mjög góð en mæting á sjálfa námsefnissýninguna hefði mátt vera betri. Stóra námsefnissýningin í Árbæjarskóla er að festa sig í sessi meðal kennara í Reykjavík.

Erlendir fyrirlesarar voru fengnir til landsins í september til að halda námskeið um nýtt enskuefni, *Matrix*. Haldið var námskeið í Reykjavík og annað á Akureyri. Samhliða *Matrix*-námskeiðinu á Akureyri var boðið upp á fjóra fyrirlestra í húsakynnum Háskólans á Akureyri og allsherjar námsefnissýning sett upp. Mæting var ágæt en langt er síðan slík sýning hefur verið haldin á vegum Námsgagnastofnunar á Norðurlandi. Mæltist þetta mjög vel fyrir.

Haustið 2006 tók stofnunin þátt í fjórðu námsstefnu Flatar sem haldin var í Borgarnesi dagana 29.–30. september.

Haldin voru sex haustþing á landsbyggðinni. Að venju sendi Námsgagnastofnun fulltrúa sína á þingin og var boðið upp á sýningu og kynningar á nýju námsefni. Námsgagnastofnun bauð upp á úrval fræðslufunda þetta árið en aðeins tvö kennarafélög á landsbyggðinni ákváðu að halda fræðslufundi samhliða haustþingi kennara sinna.



STEFNUMIÐAÐ ÁRANGURSMAT

Á árinu 2006 var haldið áfram að þróa Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) hjá Námsgagnastofnun. Skipuð var nefnd starfsmanna til að vinna að framgangi málsins með stjórnendum og skilaði nefndin skýrslu á haustdögum. Nefndin gerði tillögur að allmörgum breytingum á stefnukorti svo og mælikvörðum með það að markmiði að gera hvort tveggja markvissara og gagnsærra.


Í október var síðan efnt til daglangs vinnufundar að Nesjavöllum með öllum starfsmönnum. Þar var unnið í hópum og skilaði hver hópur niðurstöðu sem síðar var unnið úr. Á fundinum kom fram jákvæðni starfsmanna í garð þessa kerfis og vilji til að stuðla að framgangi þess innan stofnunarinnar.

Á bls. 18 er birt mynd af stefnukorti Námsgagnastofnunar eins og það var samþykkt að loknum starfsmannafundinum á Nesjavöllum.

Þarna koma einnig fram þeir mælikvarðar sem nú er unnið með. Þegar hefur náðst umtalsverður árangur í kjölfar innleiðingar á stefnumiðaða árangursmatinu og má þar sérstaklega nefna átak sem gert var í kynningu á vef stofnunarinnar. Notkun á vefnum hefur aukist til mikilla muna. Einnig hefur náðst nokkur árangur í tengslum við starfsmannamál.

Enn sem komið er hefur ekki verið fjárfest í sérstöku forriti til að halda utan um kerfið og birta niðurstöður og framvindu mælikvarða þannig að allir geti fylgst með. Unnið er að vali á slíku kerfi, en þau þykja nokkuð dýr.

STEFNUKORT



Mælikvarðar viðskiptavinnu:

1. Úrval aðgengilegs vefefnis. Gagnvirkir vefir
2. Fjöldi pdf-útgáfa, verkefni og klb.
3. Hróð afgreiðsla pantana
4. Neikvæðar athugasemdir og kvartanir frá vm
5. Jákvæðar athugasemdir frá vm.
6. Rangar afgreiðslur
7. Fjöldi skóla með krækju á www.nams.is
8. Fjöldi skráðra á pósthita
9. Fjöldi flettinga á vef
- 9.1 Fjöldi notenda á vef
- 9.2 Fjöldi innlita á vef
10. Viðhorfskönnun
11. Fjöldi þátttakenda á fræðslufundum
- 11.1 Fjöldi vefkynninga
- 11.2 Fjöldi kynningarbæklinga
- 11.3 Fjöldi dreifibréfa

Mælikvarðar innri ferli:

12. Hróð dreifing sýniseintaka
13. Auðveldur aðgangur að og miðlun upplýsinga
14. Markviss afgreiðsla erinda
22. Tímasetningar verka á útgáfuáætlun standist

Mælikvarðar starfsmenn og þróun:

15. Liðsheid. Allir stefni að einu marki.
16. Gott starfsumhverfi og vellíðan
17. Skýr skilaboð um verkefni og ábyrgð
18. Starfstengd símenntun

Mælikvarðar fjármál:

19. Hlutfall framleiðsla/heildarrekstur.
20. Hlutfall rekstrarlíða innan áætlunar, +/- 10%
21. Frávik í útgáfuáætlunum. Áætlun/raun

ÚRSKURÐUR SAMKEPPNISSTOFNUNAR

Samkeppnisstofnun úrskurðaði á miðju ári í kærumáli Árna Árnasonar og Æskunnar gegn Námsgagnastofnun. Hér er birtur fyrsti kafliinn í umfjöllun Samkeppnisstofnunar um kærumálið og síðan eru ákvörðunarorðin birt.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun bárust á árinu 2004 tvö erindi er vörðuðu starfsemi Námsgagnastofnunar, annars vegar erindi frá Árna Árnasyni, rithöfundu og útgefanda, dags. 20. maí 2004, og hins vegar erindi frá útgáfufyrirtækinu Æskunni ehf. dags. 25. maí 2004. Bæði erindin varða útgáfu og dreifingu á námsefni fyrir grunnskólabörn. Kvartendur álíta að Námsgagnastofnun standi í vegi fyrir því að efni útgefið á vegum annarra en stofnunarinnar sé nýtt sem kennslufeni í grunnskólum landsins. Jafnframt beinast erindin að sölu á námsefni gefnu út af stofnuninni á almennan markað í samkeppni



við einkaaðila. Kvartendur telja lög um Námsgagnastofnun og starfshætti stofnunarinnar samkeppnis-
hamlandi og í andstöðu við samkeppnislög.

IV.

Ákvörðunarorð:

Með vísan til 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. b-lið 16. gr. laganna, mælir Samkeppniseftirlitið fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá Námsgagnastofnun. Skal Námsgagnastofnun skilja að fjárhag sinn annars vegar á milli þeirrar starfsemi sem felst í að selja útgefið efni stofnunarinnar á almennan markað í samkeppni við einkaaðila og hins vegar þeirrar starfsemi sem tengist því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að sjá grunnskólum landsins fyrir náms- og kennslugögnum. Skal fjárhagslegur aðskilnaður Námsgagnastofnunar framkvæmdur með eftirfarandi hætti fyrir 31. desember 2006:

1. Stofnuð verði sérstök eining um samkeppnisrekstur Námsgagnastofnunar. Reikningshald hennar skal vera sjálfstætt. Reikningsskil skulu gerð í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga og skulu þau liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.
2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning vegna þeirra eigna sem samkeppniseiningunni verða lagðar til, ef einhverjar verða. Skulu eignir metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.
3. Skuldir samkeppniseiningarinnar við Námsgagnastofnun beri markaðsvexti, en óheimilt verði að samkeppniseiningin skuldi Námsgagnastofnun annað en lán vegna yfirtöku eigna í upphafi svo og lán vegna eðlilegra viðskipta.
4. Námsgagnastofnun skal verðleggja efni útgefið af stofnuninni sem samkeppniseiningin kaupir þannig að tekið sé tillit til allra kostnaðarpáttanna sem fyrirtæki á einkamarkaði þurfa að taka tillit til við verðlagningu þannig að unnt sé með óyggjandi hætti að tryggja að ekki sé um sölu á niðurgreiddri vöru að ræða.
5. Öll önnur viðskipti milli samkeppniseiningarinnar og annarrar starfsemi Námsgagnastofnunar skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.
6. Samkeppniseiningin greiði fyrir þá aðstöðu sem hún nýtir sameiginlega með annarri starfsemi Námsgagnastofnunar, þ.m.t. yfirstjórn, húsnæði og vinnu eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða.
7. Dagleg stjórn samkeppniseiningarinnar skal ekki vera í höndum sama starfsmanns og dagleg stjórn annarrar starfsemi Námsgagnastofnunar.
8. Viðskipti samkeppniseiningar Námsgagnastofnunar við óskylda aðila, s.s. sala á námsefni útgefnu af stofnuninni til bóksala, verð og viðskiptakjör skulu vera almenn og gagnsæ. Hvers konar mismunun samkeppniseiningarinnar í verði og viðskiptakjörum er óheimil byggi hún ekki á skýrum hlutlægum og málefnalegum forsendum.

Samkeppniseftirlitið
Guðmundur Sigurðsson



LÖG UM NÁMSGÖGN

I. KAFLI Markmið og skipulag

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla.

Í lögum þessum er kveðið á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námsgagna fyrir grunnskóla.

2. gr.

Ábyrgð og stuðningur ríkisins skv. 1. gr. felur í sér eftirfarandi:

- a. rekstur Námsgagnastofnunar, sem leggur grunnskólum til námsgögn, sbr. II. kafla laga þessara,
- b. fjárframlög til námsgagnasjóðs, sem úthlutar fé til grunnskóla til kaupa á námsgögnum, sbr. III. kafla laga þessara,
- c. fjárframlög til þróunarsjóðs námsgagna, sem styrkir nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, sbr. IV. kafla laga þessara.

II. KAFLI Námsgagnastofnun

3. gr.

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir í samræmi við ákvæði laga þessara.

Stofnunin hefur með höndum þróun námsgagna og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknunum á gerð þeirra og notkun. Stofnunin annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn.

Stofnunin skal hafa samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Réttur hvers skóla til að fá afhent námsgögn sem Námsgagnastofnun framleiðir ræðst af nemendafjölda, en heimilt er stofnuninni að ívilna fámennum skólum.

Heimilt er Námsgagnastofnun að hafa þau námsgögn sem stofnunin framleiðir til sölu á almennum markaði. Stofnunin skal hafa fjárhagslegan aðskilnað vegna sölu á námsgögnum í frjálsri samkeppni við aðra aðila á almennum markaði frá því lögbundna hlutverki stofnunarinnar að leggja grunnskólum til námsgögn skv. 1.–4. mgr. Við verðlagningu skal höfð hliðsjón af hinum fjárhagslega aðskilnaði.

Kostnaður við rekstur Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Námsgagnastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verkviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar Námsgagnastofnun fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af landssamtökum foreldra grunnskólabarnasamkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin markar Námsgagnastofnun stefnu í samráði við forstöðumann, staðfestir að árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir séu í samræmi við markaða stefnu, veitir forstöðumanni ráðgjöf og fylgist með starfsemi stofnunarinnar.

III. KAFLI Námsgagnasjóður

6. gr.

Hlutverk námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Framlag til námsgagnasjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnasjóði þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn námsgagnasjóðs ákveður skiptingu fjármuna milli grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers skóla ræðst af nemendafjölda en heimilt er að ívilna fámennum skólum. Menntamálaráðherra setur sjóðnum úthlutunarreglur þar sem m.a. er kveðið á um skilyrði fyrir úthlutun. Sjóðstjórn hefur eftirlit með að farið sé að úthlutunarreglum.

Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Menntamálaráðuneytið annast umsýslu sjóðsins og ber ábyrgð á henni. Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

IV. KAFLI Þróunarsjóður námsgagna

7. gr.

Hlutverk þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla í samræmi við markmið 1. gr. Framlag til þróunarsjóðs er ákveðið í fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra skipar þróunarsjóði námsgagna fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmenn tilnefndir af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Félagi íslenskra framhaldsskóla. Menntamálaráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn þróunarsjóðs námsgagna ákveður skiptingu á fjárveitingu sjóðsins og ber ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðnum er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum.

Menntamálaráðherra setur þróunarsjóði námsgagna reglugerð þar sem m.a. er kveðið á um skipulag sjóðsins og reglur um úthlutun. Þeir sem fá fé úr þróunarsjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari fyrirætlunum í úthlutunarreglum. Verði misbrestur á, eða séu önnur skilyrði fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt, er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur eða eftir atvikum fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Stjórn þróunarsjóðs námsgagna skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

V. KAFLI
Gæðamat, gildistaka o.fl.

8. gr.

Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár er heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu.

9. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Námsgagnastofnun, nr. 23/1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi fela ekki í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Námsgagnastofnunar.

Samþykkt á Alþingi 17. mars 2007.

VIÐHORF TIL NÁMSGAGNASTOFNUNAR KÖNNUN CAPAGENT Í DESEMBER 2006 TIL JANÚAR 2007.

LÝSING Á RANNSÓKN

Unnið fyrir	Námsgagnastofnun
Markmið	Að kanna viðhorf til þjónustu Námsgagnastofnunar
Framkvæmdatími	7. desember 2006 - 2. janúar 2007
Aðferð	Símakönnun
Úrtak	Fólk af öllu landinu þar sem börn á grunnskólaaldri eru á heimilinu, handahófsvalið úr þjóðskrá
Verknúmer	4016049

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	2290
Búsettir erlendis	55
Veikir	29
Látnir	4
Endanlegt úrtak	2202
Neita að svara	574
Næst ekki í	271
Fjöldi svarenda	1357
Svarhlutfall	61,6%
Grunnskólabarn á heimili	524

Greiningarbreytur

Kyn	Karlar og konur
Aldur	Fimm aldursflokkar
Búseta	Reykjavík, nágrennasveitarfélög Reykjavíkur og önnur sveitarfélög
Fjölskyldutekjur	Tekjur allra á heimilinu fyrir skatta, fimm flokkar
Menntun	Fjórir flokkar
	Einnig voru spurningar greindar innbyrðis

Reykjavík, 12. janúar 2007


Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Guðni Rafn Gunnarsson
Sigríður Herdís Bjarkadóttir
Matthías Þorvaldsson




HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Hversu vel eða illa telur þú að Námsgagnastofnun sinni hlutverki sínu að sjá grunnskólabörnum fyrir námsefni?



Hversu gott eða lélegt telur þú námsefnið sem Námsgagnastofnun gefur út vera?




Hefur þú skoðað efni á vef Námsgagnastofnunar nams.is?



Peir sem hafa skoðað efni á nams.is svöruðu:
Hversu gagnlegan eða gagnslítinn telur þú vefinn nams.is vera?



Hvað gæti Námsgagnastofnun gert til að bæta þjónustu sína við nemendur og fjölskyldur þeirra?



Hver af eftirtöldum á að þínu mati að sjá um útgáfu á námsefni fyrir börn í skyldunámi?

